# Mánudagur 25. september

## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Staðfasti tindátinn** (Storybook Classics). Bandarísk teiknimynd byggð á hinni frægu sögu eftir H. C. Andersen. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir. Sögumaður Edda Þórarinsdóttir.
18.15 **Ruslatunnukrakkarnir** (Garbage Pale Kids). Bandarískur teiknimyndaflokkur. Þýðandi Þrándur Thoroddsen. Leikraddir Magnús Ólafsson.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Yngismær (7)** (Sinha Moa). Nýr brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.20 **Æskuár Chaplins** (Young Charlie Chaplin). Fyrsti þáttur. Nýr breskur myndaflokkur í sex þáttum um uppvaxtarár gamanleikarans og kvikmyndagerðarmannsins Charlie Chaplin. Aðalhlutverk Twiggy, Ian McShane, Joe Geary og Lee Whitlock. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Á fertugsaldri** (thirtysomething). Bandarískur myndaflokkur í léttum dúr. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
21.20 **Hús Bernörðu Alba** (La Casa de Bernarda Alba). Spænsk sjónvarpsmynd byggð á leikriti eftir Federico Garcia Lorca. Leikstjóri Mario Camus. Aðalhlutverk Irene Gutiérrez Caba, Ana Belén, Florinda Chico og Enriqueta Carballeira. Bernarða Alba er ekkja og á fimm gjafvaxta dætur. Þær búa allar í föðurhúsum undir járnaga móður sinnar, og þegar karlmaður fer á fjörurnar við eina systurina taka hinar konurnar í húsinu til sinna ráða, hver á sinn hátt. Þýðandi Steinar V. Árnason.
23.10 **Ellefufréttir og dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.35 **Daisy Miller.** Skáldsagnapersónan Daisy er ættuð úr skáldsögu Henry James, sem greinir frá landflótta Bandaríkjastúlku sem býr í Evrópu ásamt afar einkennilegri móður sinni og ósvífnum bróður. Aðalhlutverk: Cybill Shepherd, Barry Brown, Mildred Natwick og Eileen Brennan. Leikstjóri: Sidney J. Furie.
17.05 **Santa Barbara.**
17.55 **Hetjur himingeimsins.** Teiknimynd um hetjuna Garp.
18.20 **Bylmingur.**
18.40 **Fjölskyldubönd.** Family Ties. Bandarískur gamanmyndaflokkur.
19.19 **19:19.** Fréttum veðri, íþróttum og þeim málefnum sem hæst ber hverju sinni gerð skil.
20.30 **Dallas.** Bandarískur framhaldsflokkur.
21.25 **Hringiðan.** Hvað finnst þér? Hefur þú betri lausn? Enginn venjulegur umræðuþáttur og alltaf í beinni útsendingu. Í hverjum þætti verður ein grundvallarspurning tekin fyrir og rædd ofan í kjölinn. Fyrir svörum verða fulltrúar ólíkra sjónarmiða og áhorfendur í salnum taka virkan þátt í umræðunni. Umsjón: Helgi Pétursson.
22.25 **Dómarinn.** Night Court. Dómarinn Harry Stone, ásamt litskrúðugum aðstoðarmönnum, er mættur aftur til leiks eftir langt hlé.
22.50 **Fjalakötturinn: Stíðið í Alsír.** La Battaglia di Algeri. Þetta er ein besta byltingar- og áróðursmynd síðari tíma og gefur hún mjög raunsanna lýsingu á atburðum þeim sem settu hvað mestan svip á alþjóðastjórnmál á sjötta áratugnum. Hún fjallar um fyrrum fanga sem gengur til liðs við hryðjuverkasamtök í Alsír árið 1954 til þess að berjast gegn frönskum yfirráðum. Aðalhlutverk: Jean Martin, Brahim Haggiag, Yacef Saadi og Tommaso Neri. Leikstjóri: Gillo Pontecorvo. **Bönnuð börnum.**
0.55 **Úr öskunni í eldinn.** A Deadly Business. Mynd sem byggð er á atburðum í lífi fyrrverandi tugthúslims, Harolds Kaufman, sem fórnaði lífi sínu til þess að koma upp um skipulögð glæpasamtök. Aðalhlutverk: Alan Arkin, Armand Assante, Michael Learned og Jon Polito.
2.30 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Sigurður Helgi Guðmundsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið** með Randveri Þorlákssyni. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Ólafur Oddsson talar um daglegt mál laust fyrir kl. 8.00.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn:** Júlíus Blom veit sínu viti eftir Bo Carpelan. Gunnar Stefánsson les þýðingu sína (20). (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn.** Lesið úr forustugreinum landsmálablaða.
9.45 **Búnaðarþátturinn** – Haustverðlagning á búvöru. Matthías Eggertsson ræðir við Hauk Halldórsson, formann Stéttarsambands bænda.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Húsin í fjörunni.** Hilda Torfadóttir. (Frá Akureyri)
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn** – Hlátur – grátur. Umsjón: Margrét Thorarensen og Valgerður Benediktsdóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** Myndir af Fidelmann eftir Bernard Malamud. Ingunn Ásdísardóttir les þýðingu sína (5).
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Á frívaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalög sjómanna. (Einnig útvarpað nk. laugardagsmorgun kl. 6.01.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Gestaspjall.** Umsjón: Halla Guðmundsdóttir. (Endurtekinn þáttur frá fimmtudagskvöldi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin, Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Hann rebbi lætur alltaf plata sig. Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Haydn og Mozart.
18.00 **Fréttir.** Tónlist.
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 4.40.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Ólafur Oddsson flytur.
19.37 **Um daginn og veginn.** Hrafn Harðarson, bæjarbókavörður í Kópavogi, talar.
20.00 **Litli barnatíminn:** Júlíus Blom veit sínu viti eftir Bo Carpelan. Gunnar Stefánsson les þýðingu sína (20). (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Barokktónlist** – Marcello, Scarlatti, Vivaldi og Händel.
21.00 **Aldarbragur.** Umsjón: Helga Guðrún Jónasdóttir. Lesari: Ólafur Haraldsson. (Endurtekinn þáttur frá föstudegi.)
21.30 **Útvarpssagan:** Vörnin eftir Vladimir Nabokov. Illugi Jökulsson les þýðingu sína (17).
22.00 **Fréttir.**
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.20 **Dagbók frá Berlín.** Síðari þáttur um endurminningar Maríu Vassiltsíkovu frá árum seinni heimsstyrjaldar. Umsjón: Kristín Ástgeirsdóttir. (Einnig útvarpað á miðvikudag kl. 15.03.)
23.10 **Kvöldstund í dúr og moll.** með Knúti R. Magnússyni.
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið:** Vaknið til lífsins!. Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, maður dagsins kl. 8.15.
9.03 **Morgunsyrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskveðjur kl. 10.30. Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.03 **Milli mála.** Árni Magnússon á útkíkki og leikur nýju lögin. Hagyrðingur dagsins rétt fyrir þrjú og Veiðihornið rétt fyrir fjögur.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Sigurður Þór Salvarsson, Guðrún Gunnarsdóttir, Þorsteinn J. Vilhjálmsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Kristinn R. Ólafsson talar frá Spáni. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91-38 500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann eru Ásta Magnea Sigmarsdóttir og austfirskir unglingar.
22.07 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt laugardags að loknum fréttum kl. 2.00.)
1.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

### NÆTURÚTVARP

1.00 **Blítt og létt.** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið, kl. 6.01.)
2.00 **Fréttir.**
2.05 **Lögun.** Snorri Guðvarðarson blandar. (Frá Akureyri.) (Endurtekinn þáttur frá fimmtudegi á Rás 1.)
3.00 **Næturnótur.**
4.00 **Fréttir.**
4.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi mánudagsins.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá Rás 1 kl. 18.10.)
5.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
5.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
6.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
6.01 **Blítt og létt.** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt. Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00.

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Páll Þorsteinsson.** Morgunþáttur fyrir fólk sem vill fylgjast með því sem er að gerast í þjóðlífinu.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Með rómantíkina á hreinu og ljúfu lögin sem þú vilt heyra.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Gömlu lögin, nýju lögin og allt þar á milli. Óskalög og afmæliskveðjur.
19.00 **Snjólfur Teitsson. Þægileg tónlist í klukkustund.**
20.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Íþróttadeildin kemur við sögu. Talmálsliðir og tónlist eru á sínum stað hjá **Dodda.**
24.00 **Næturvakt Bylgjunnar.** Fréttir á Bylgjunni kl. 10, 11, 12, 13 og 14.

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson** mættur á morgunvaktina. Fylgst með málefnum líðandi stundar og fólk tekið tali.
9.00 **Gunnlaugur Helgason.** Ávallt ungur í anda og hress í bragði. Hádegisverðarpotturinn. Stjörnuskot kl. 11 og 13.
14.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Nýjustu og heitustu lögin í dag. Kl. 16.30 er Stjörnuskáld dagsins valið og kl. 18.15 er Talað út: Eldhúsdagsumræður í léttum dúr og ljúf tónlist. Stjörnuskot kl. 15 og 17.
19.00 **Kristófer Helgason.** Tónlist fyrir fólk á rúntinum, heima að hvíla sig eða hvar sem er. Síminn hjá Kristó er 68-19-00. Hringdu og vertu með.
24.00 **Næturvakt Stjörnunnar.**

## ÚTRÁS FM 104,8

16.00 **MS.**
18.00 **FB.**
20.00 **MH.**
22.00 **MR.**
1.00 **Dagskrárlok.**

## EFF EMM 95,7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Steinunn Halldórsdóttir.**
22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.**
1.00– 7 **Páll Sævar Guðnason.**

## Rót ÚTVARP FM 106,8

9.00 **Rótartónar.**
12.00 **Stjáni stuð.**
13.30 **Í hreinskilni sagt.** E.
14.30 **Kvennaútvarpið.** E.
15.30 **Elds er þörf.** Vinstrisósíalistar. E.
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Búseti.**
18.00 **Á mannlegu nótunum.** Flokkur mannsins.
19.00 **Bland í poka.** Tónlistarþáttur í umsjá Ólafs Hrafnssonar.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur. Umsjón: Bragi og Þorgeir.
21.00 **Frat.** Tónlistarþáttur með Gauta Sigþórssyni.
22.00 **Hausaskak.** Þungarokksþáttur í umsjá Hilmars Þórs Guðmundssonar.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt** a la Ívar & Sigþór.

## SKY One

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Framhaldsflokkur.
11.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **Young Doctors.** Framhaldsflokkur.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
17.00 **The New Price is Right.** Spurningaleikur.
17.30 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
18.00 **Alf.** Gamanmyndaflokkur.
19.00 **The Last Convertible.** Míniseria.
21.00 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.00 **Fréttir.**
22.30 **The Untouchables.** Spennumyndaflokkur.
23.30 **Popptónlist.**

## SKY MOVIES

13.00 **Daddy Long Legs.**
15.00 **Cat City.**
17.00 **Last plane Out.**
19.00 **Promised Land.**
21.00 **Death of a Soldier.**
22.35 **A Reason to Live, A Reason to Die.**
00.15 **The Hitchhiker.**
00.45 **Gulag.**
03.00 **Death of a Soldier.**

## EUROSPORT

9.00 **Blak.** Evrópumeistarakeppnin í Svíþjóð.
11.00 **Golf.** Ryder Cup. Keppni Bandaríkjanna og Evrópu á Belfry golfvellinum í Englandi.
12.00 **Kappakstur.** Formula 1 í Algarve í Portugal.
14.00 **Golf.** Ryder Cup. Keppni Bandaríkjanna og Evrópu á Belfry golfvellinum í Englandi.
16.00 **Knattspyrna.**
International Motor Sports. Fréttatengdur þáttur um kappakstur.
17.00 **International Motor Sports.** Fréttatengdur þáttur um kappakstur.
19.00 **Blak.** Evrópumeistarakeppnin í Svíþjóð.
20.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á helstu viðburði liðinnar viku.
21.00 **Golf.** Ryder Cup. Keppni Bandaríkjanna og Evrópu á Belfry golfvellinum í Englandi.
22.00 **Hnefaleikar.** Frægar keppnir.
23.00 **Blak.** Evrópumeistarakeppnin í Svíþjóð.

## SUPER CHANNEL

13.30 **Tónlist og tíska.**
14.30 **Vinsældalistar.**
15.30 **On the Air.** Skemmtiþáttur.
17.30 **Off the Wall.** Tónlist og fréttir úr tónlistarheiminum.
18.30 **The Lloyd Bridges Show.**
19.00 **High Chaparral.** Vestraþáttur.
19.55 **Dick Powell Theatre.**
20.50 **Fréttir og veður.**
21.00 **Discovery Zone.** Fræðslumyndaflokkur.
22.00 **Birth of the Bees.** Fræðslumynd.
23.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**



### Rás 1 kl. 22.20:

# Dagbók frá Berlín

Í kvöld er á dagskrá seinni þáttur Kristínar Ástgeirsdóttur um dagbókarbrot rússnesku skáldkonunnar Marie Vassiltchikov en þættirnir nefnast Dagbók frá Berlín.

Foreldrar Marie flúðu frá Rússlandi í byltingunni árið 1917, þannig að þótt hún væri rússnesk að uppruna bjó hún í Þýskalandi. Árið 1940, þegar Marie var 23 ára, byrjaði hún að skrifa dagbók þar sem hún lýsir daglegu lífi í Þýskalandi á stríðsárunum. Hún tengdist hópnum sem reyndi að drepa Hitler árið 1944, en flestir vinir hennar voru flæktir í þetta samsæri og voru teknir af lífi þegar upp um þá komst. Dagbækur Marie Vassiltchikov eru merk heimild um tilræðið við Hitler auk þess að lýsa daglegu lífi fólks í Þýskalandi á stríðsárunum. Dagbókarskrifunum lauk árið 1945. Lesari með Kristínu er Helga Thorberg. -Pá

### Stöð 2 kl. 22.50:

# Stríðið í Alsír

Fyrrum fangi gengur til liðs við hryðjuverkasamtök í Alsír árið 1954 til að berjast gegn frönskum yfirvöldum. Myndin byggir á atburðum sem raunverulega áttu sér stað en útfærir þá eftir sínu höfði. Afraksturinn er talin ein besta byltingar- og áróðursmynd síðari tíma.

Atburðarásin er leiftrandi hröð og gefur áhorfandanum varla ráðrúm til að hugsa og þannig er honum ómeðvitað snúið á sveif með þeim sem hann hefði annars tekið afstöðu á móti.

Það er leikstjórinn, ljóðskáldið og marxistinn Gillo Pontecorvo sem svo snilldarlega kemur boðskap sínum á framfæri. Myndin var á sínum tíma, árið 1966, tilnefnd til óskarsverðlauna fyrir besta handrit, bestu leikstjórn og sem besta erlenda kvikmyndin. -Pá



**Hús Bernörðu Alba er frægasta verk skáldsins Federico Garcia Lorca**

### Sjónvarp kl. 21.55:

# Hús Bernörðu Alba

Leikrit frá spænska sjónvarpinu í leikstjórn Mario Camus. Verk þetta er talið eitt hið merkasta af verkum Federico Garcia Lorca en Sjónvarpið hefur að undanförnu sýnt leikna heimildarmynd í nokkrum þáttum um ævi skáldsins. Aðalhlutverkið, Bernörðu Alba, leikur Irene Gutiérrez Caba.

Hús Bernörðu Alba fjallar um konur án manna. Bernarða er ekkja sem elur fimm dætur sínar upp við strangan aga og innilokun. Þær hafa engin kynni haft af karlmönnum og þegar einn þeirra skýtur upp kollinum og fer að gera hosur sínar grænar fyrir systrunum gerast örlagaríkir atburðir. Systurnar neyðast til þess að endurskoða tengsl sín innbyrðis og sambandið við móðurina. -Pá